



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur

5. júlí 2012
27. tbl. · 29. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



Bátur mánaðarins
aðeins
419 kr.



Opið
virka daga: 10 til 22
helgar: 11 til 22



Töfrar Andalúsíu

„Flestallir eiga lítinn landskika og kofa úti í sveit, rétt fyrir utan þorpið. Allir rækta eitthvað,“ segja þau Magný Jónsdóttir og Reynir Sigurðsson um litla spænska fjallaborpið sem þau hafa verið búsett í síðustu fimm árin. Á miðopnu í dag segja þau frá draumnum í Competa og ástriðu sinni fyrir gömlum húsum, sem er hvergi nærri kulnuð...



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |




Nýtt Ísafjarðarkort í dreifingu

Nýtt bæjarkort af Ísafirði er komið í dreifingu. Kortið er byggt á teikningu eftir Ómar Smára Kristinsson listamann á Ísafirði. Um er að ræða stóra trélitamynd en mikil nákvæmnessvinna liggur á bak við hana enda tók vinnan um fjóra mánuði. Að sögn Ómars Smára fannst honum erfiðast að teikna „Grjótaþorpið“ svokalla, eða fjölbýlishúsið við Fjarðarstræti.

„Blessunarlega er lítið um blokkir á Ísafirði enda ekkert gaman að teikna þær,“ segir Ómar Smári. „Ég fór alla leið upp á fjallið Erni til að ná sem bestu sjónarhorni af bænum. Síðan ljósmyndaði ég öll hús til að ná smáatriðunum líkt og ég gerði í Hanover í Þýskalandi þar sem ég skjalfesti hvert einasta hús í heilli götu,“ segir Ómar Smári.

„Það er gaman að sjá hvað



Teikning Ómars Smára af Ísafirði.

þetta hefur tekist vel fyrir utan hvað framhaldið verður skemmtilegt því ég þarf líklega að gera nýtt kort á hverju ári þar sem þróunin er svo ör í bænum. Í raun er þetta kort þegar orðið

úrelt því eins og sjá má er til að mynda sjúkrahústúnið búið að taka stakkaskiptum. Það er komið nýtt þak á Hæstakaupstaðarhúsið, svo verður komin stúka við Torfnsvöll. Það

vantar víst líka partý í garðinn hjá Eyþóri, enda mikill gleðimaður þar á ferð,“ segir Ómar Smári.

„Helsta eftirsjáin felst kannski í því að vera ekki löngu byrjaður

á þessu verkefni, svo hægt væri almennilega að skoða þróun Ísafjarðarbæjar. Ég ætti kannski að leggjast í grúsk og þróa þetta aftur á bak, líkt og ég gerði í bókverkinu, *Ísafjörður tímarnir þrennir*, þar sem ég tók aðalgötuna fyrir og teiknaði hana á 100 ára tímabili aftur á bak.“

Til stendur að halda sýningu á teikningum og vinnu Ómars Smára í samstarfi við Vestfirsku verzlunina. Ísafjarðarkortið, sem er ferðamannakort, var styrkt af Ísafjarðarbæ en er að öðru leyti fjármagnað með auglýsingum. Yfirumsjón með kortinu hafði Eyþór Jónsson en Grétar Örn Eiríksson sá um umbrot. Aðspurður segir Eyþór að viðtökurnar hafi verið mjög góðar og að önnur sveitafélög hafa nú þegar haft samband vegna útgáfu svipuðum kortum til dreifingar. – gunnar@bb.is

Von á tæplega 13.000 ferðamönnum

Von er á tæplega 13.000 ferðamönnum með skemmtiferðaskipum til Ísafjarðar í júlí. Tólf skipakomur eru á áætlun í mánuðinum, næst er von á stærsta skipi sumarsins, Costa Pacifica, sem snýr aftur í dag, eða rúmum hálfum mánuði eftir fyrstu heimsókn sína til Ísafjarðar. Skipið, sem er rúm 114 þúsund brúttótonn að stærð, ber um 3000 farþega. Næsta skip eftir það er ekki væntanlegt fyrr en á sunnudag en það er hið 15.000 tonna Columbus með rúmlega 400 farþega.

Á næstunni verða skipakomur ansi þéttar í Ísafjarðarhöfn. Von er á Arcadia 9. júlí, Le Boreal kemur í þrígang dagana 11., 18. og 25. júlí, Ocean Countess 12. júlí, Discovery 19. júlí, Saga Ruby 20. júlí, MSC Lirica 21. júlí MS. Delphin 22. júlí og Thompson Spirit 26.07 júlí.

Samanlögð þyngd þeirra skipa sem heimsækja Ísafjörð í júlí er yfir 300.000 tonn. Tíu eru svo væntanleg í ágúst en eitt skip hefur jafnframt bókað komu sína í september. Alls eru 32 skipakomur bókaðar í ár en rétt er að geta að tvö skip afboðuðu komu sína.

– thelma@bb.is



Costa Pacifica er væntanlegt aftur til Ísafjarðar í dag.

Fundu fálka í vegarkantinum

Starfsmenn á dreifingarþreid Mjólkursamsölunnar á Vestfjörðum urðu varir við fálka í vegarkantinum er þeir voru að sækja mjólk á bæinn Hól í Önundarfirði á mánudagsmorgun. „Ég hélt fyrst að þetta væri hrafn því hann var svo skítugur. Þegar ég sá hann betur áttáði ég mig á því að þetta hlaut að vera annaðhvort fálki eða smyrill. Þegar við komum að honum hoppaði hann frá en flaug ekki og því datt okkur í hug að hann þyrfti á hjálp að halda. Það var auðvelt að ná honum og hann virtist ekki vera vængbrotinn en það var samt eitthvað að hrjá hann,“ segir Sæmundur Guðmundsson, annar þeirra

sem komu fuglinum til bjargar.

Sæmundur og samstarfsmaður hans, Steinar, útbjuggu fyrir hann hálfgerð hreiður í keðjukassanum á mjólkurbílnum og fluttu hann til Ísafjarðar þar sem hann var tekinn í öruggar hendur af fagaðilum frá Náttúrustofu Vestfjarða. Böðvar Þórisson líffræðingur tók á móti fálkanum á Náttúrustofu Vestfjarða. „Við þvoðum hann og þurfum líklega þvo honum aftur á morgun, hann virðist hafa lent illa í grút, sem getur verið mjög hættulegt fyrir svona rándýr.“ Böðvar sagði að fálkinn væri eins árs en erfitt væri að greina kynið en að öllum líkindum væri hann karl.



Grútskítugur fálkinn nýkominn úr keðjukassanum. Ljósmynd: Fjölur Baldursson.

gríptu
með þér
ÞREFALT
betra
tyggjó



Nýtt Mentos tyggjó

Endurbyggja Rómarstíg á Suðureyri

Fyrirtækið Nostalgía ehf. á Suðureyri hyggst endurbyggja miðbæ bæjarins eins og hann byggðist upp í kringum aldamótin 1900. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti í síðustu viku deiliskipulag fyrir Suðureyri, sem býið er að vera í vinnslu í fjögur ár, og gefur það áætlan Nostalgíu byr undir báða vængi. „Það gefur okkur vonandi tækifæri til að hefja þessa uppbyggingu í haust, að því gefnu að við fáum byggingarleyfi, en það er næsta skref. Búið er að vinna hönnunarvinnuna en við eigum eftir að setja lokapunktinn á hana,“ segir Elías Guðmundsson einn af eigendum og stofnandi Nostalgíu.

Elías lét gera byggðakönnun árið 2010 sem reiknaði út hvernig fyrsti byggðakjarninn sem

reistur var á Suðureyri, rétt fyrir aldamótin 1900, leit út. Nú hefur sá byggðarkjarni verið endurteiknaður, en Nostalgía stefnir að því að byggja að minnsta kosti sjö hús á næstu fimm árum í götunni. „Húsin verða öll þjónustuhús tengd okkar ferðaþjónustu,“ segir Elías, en húsin standa öll við Rómarstíginn sem var fyrsta gatan á Suðureyri.

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar samþykkti á síðasta fundi að þetta byggð á eyrinni, enda sé það mikilvægt fyrir byggð á Suðureyri vegna skorts á byggingarlandi. Elías segir að fyrirtækið muni taka sér fimm ár í framkvæmdir, en ljóst er að endurbyggingin mun breyta ásynd bæjarins. Húsin verða hugsuð sem þjónustumiðstöð, ísbúð, bakarí, fiskmarkaður og upplýsingamiðstöð. Einnig



Elías stendur fyrir endurbyggingu Rómarstígsins á Suðureyri.

verður hús ætlað verslun sem 66°N mun reka, en það verður á sama svæði og upphafleg starfsemi fyrirtækisins hófst fyrir 85 árum.

Húsin sem rísa munu við Rómarstíg voru teiknuð af Friðgeir Torfa Ásgeirssyni arkitekt, en þær byggja á gömlum myndum. „Teikningarnar eru unnar

eftir könnun sem ég lét gera, en hún byggir á sögulegum heimildum og myndum frá upphafi byggðar. Upphaflegu húsin voru byggð í kringum 1890, en rifin á árunum 1915-1920. Svo risu þarna steinsteypt hús sem voru rifin í kringum síðustu aldamót og hafa þessar lóðir staðið auðar síðan,“ segir Elías, sem

bætir því við að framkvæmdinni sé ætlað að svara þeirri aukningu í ferðamannastraumi sem hefur átt sér stað á Suðureyri á undanförunum árum.

„Í sumar munu yfir 40 þúsund einstaklingar heimsækja Suðureyri, og það er mikil aukning frá undanförunum árum. Það er allt sem bendir til þess að sú tala muni tvöfaldast á næstu tíu árum vegna uppbyggingar ferðaþjónustu í þorpinu. Þessi breyting á deiliskipulagi mun gjörbreyta aðstöðu til uppbyggingar ferðaþjónustu, og það eru fjölmargir aðilar sem munu koma að því.“

– gudmundur@bb.is

Fimm umsækjendur í Bolungarvík

Fimm umsækjendur eru um embætti sóknarprests í Bolungavíkurstakalli, en embættið var auglýst laust eftir að ljóst var að Agnes M. Sigurðardóttir yrði næsti biskup Íslands. Embættið veitist 1. ágúst en umsóknarfrestur rann út þann 20. júní síðastliðinn.

Umsækjendur eru fimm talsins, en þau eru sr. Ásta Ingibjörg Pétursdóttir, Elín Salóme Guðmundsdóttir, sr. Jóna Lovísa Jónsdóttir, Cand. theol Salvar Geir Guðgeirsson og Sigríður Rún Tryggvadóttir.

Biskup skipar í embættið að fenginni niðurstöðu valnefndar. Valnefnd skipa níu manns úr prestakallinu ásamt prófasti Vestfjarðaprófestsdæmis.

– gudmundur@bb.is

Verður skólastjóri sameinaðra skóla

María Valberg hefur verið ráðin skólastjóri á Flateyri, en Grunnskóli Önundarfjarðar hefur verið sameinaður leikskólunum í þorpinu. Skarphéðinn Ólafsson skólastjóri sagði starfi sínu lausu í vor, en hann var ósáttur við þá ákvörðun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar að sameina skólana. María er spennt fyrir verkefninu, en hún hefur kennt við skólann í rúman áratug og einnig leyst af sem skólastjóri undanfarin ár þegar þess hefur þurft. „Ég held að þetta verði spennandi verkefni og ég hef fundið fyrir miklum velvilja frá fólki hér á svæðinu,“ segir María.

María segir að sameining skólanna verði áhugavert verkefni. „Þetta er alveg nýtt fyrirkomulag og verður nokkurs



María Valberg, nýráðinn skólastjóri leikskólans á Flateyri og Grunnskóla Önundarfjarðar.

konar þróunarvinna næstu tvö til þrjú árin,“ en breyting felst í tilfærslu skrifræðis en ekki flutningi leikskólans yfir í húsnaði grunnskólans. „Þetta er aðallega breyting á háttum yf-

irstjórnarinnar. Leikskólastjórinn verður nú deildarstjóri og sér um faglega starfið, innra starf leikskólans og skipulagningu þess. Ég sé hins vegar um starfsmannamál, fjárhagsáætl-

un og skýrsluvinnu.“

„Það á eftir að koma í ljós hvort þetta sé rétt skref,“ segir María, sem hefur áhyggjur af fækkun barna á Flateyri. „Því miður fækkar börnum ennþá. Það þarf öflugra atvinnulíf og meiri stöðugleika í bæinn og þá fer fólk að koma hingað aftur. Það er okkar einlæga ósk að það gerist svo að fjölgi í skólunum,“ segir María, en átján börn verða í Grunnskóla Önundarfjarðar í haust. „Það fækkaði um fjögur í vor og það koma engin í staðinn. Þetta er bara veruleikinn hérna.“

María Valberg lauk B.Ed.-prófi frá Háskólanum á Akureyri og hefur kennt bóknámsgreinar á öllum námsstigum í Grunnskóla Önundarfjarðar síðan 2001. – gudmundur@bb.is

NÝJUNG!

DALA
Auður
MJÚKUR OG LJÚFFENGUR
HVÍTMYGLOOSTUR ÚR DÖLUNUM

Við kynnum nýjan hvítmygluost frá Mjólkursamsöluinni undir nafninu Dala-Auður. Osturinn er einstaklega mjúkur og bragðgóður og er sá myksti úr flóru mygluosta frá MS.

Dala-Auður er 170 g og er unnin úr nýmjólk. Nafn ostsins er vísun í Auði djúpúðgu sem var landnámskona í Dölunum og ættmóðir Laxdæla.



Söluumboð ÍSAGA:
Þróstur
Marzelliússon
Ísafirði

AGA GAS ER ÖRUGGT VAL HEIMA OG Í FRÍINU

Þú getur verið afslappaður og öruggur við grillið með AGA gas. Öruggur um að þú ert að nota gæðavöru og að þú fái góða þjónustu þegar þú þarft áfyllingu á gashylkið, hvort sem þú heimsækir umboðsmenn eða söluaðila AGA. Sem stærsti söluaðili própangass á norðurlöndunum býður AGA upp á margar stærðir og gerðir gashylkja. Sérfræðingar AGA geta veitt þér góð ráð um hvaða hylki hentar best miðað við aðstæður og hvernig best er að meðhöndla própangas.

Farðu á www.gas.is og finndu nálægan sölustað eða sæktu öryggisleiðbeiningar og fáðu upplýsingar um AGA gas.

ÍSAGA ehf. • www.gas.is
Breiðhófa 11 • 110 Reykjavík • Sími 5773000

Söluaðilar ÍSAGA ehf. á höfuðborgarsvæðinu:
ÍSAGA: Breiðhófa 11 og Eyrartröð 8, Hafnarfirði - Verslanir BYKO - Atlantsóla, Kópavogsbraut

Umboðsmenn ÍSAGA ehf á landsbyggðinni:

Selfoss: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548. Vestmannaeyjar: Neta- og karaverkstæði Nethamars, s. 481 3226. Sauðárkrúkur: Byggingarvörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626. Reyðarfjörður: Landflutningar-Samskip, s. 458 8840. Ísafjörður: Þróstur Marzelliússon hf, s. 456 3349. Akureyri: Sandblástur og málmhúðun hf, s. 460 1515.

Fjölmenningu á Hnífsdælingamóti

Um hundrað Hnífsdælingar komu saman í dalnum á laugardag er Hnífsdælingamótið 2012 var haldið. „Þetta heppnaðist alveg svakalega vel og það var mjög góð mæting,“ segir Gabriela Aðalbjörnsdóttir ein þeirra sem sat í mótsnefnd. „Það voru um hundrað manns sem tóku þátt í hátíðarhöldunum um daginn og um 150 um kvöldið.“ Var þetta í annað sinn sem mótið fer fram en árið 2008 var boðað til Hnífsdælingamóts þeirra sem fæddir eru 1970-1980 og hittust þá tæplega 70 manns. Ákveðið var þá að hittast á ný að fjórum árum liðnum og að Hnífsdælingamótið 2012 skyldi vera öll um opið.

Hnífsdælingarnir komu saman við kirkjugarðinn í Hnífsdal en síðan tók við þétt dagskrá. Til að mynda var gengið upp á Hádegisstein, synt í ánni við Mjóasund, farið í gömlu krakka-



Hnífsdælingamótið var vel sótt.

Spurningin

Hvern ætlar þú að kjósa í forsetakosningunum á laugardag?

Alls svöruðu 905.

Andreu sögðu

13 eða 1%

Ara Trausta sögðu

46 eða 5%

Hannes sögðu

8 eða 1%

Herdísi sögðu

17 eða 2%

Ólaf Ragnar sögðu

393 eða 44%

Þóru sögðu

228 eða 25%

Óákveðnir voru

76 eða 8%

Ætla ekki að kjósa sögðu 124 eða 14%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Hæg suðlæg eða breytileg átt, víða bjart sunnantil á landinu, annars skýjað með köflum og þurr að kalla. Hlýtt í veðri. **Horfur á laugardag:** Suðvestlæg átt, skýjað og dálitlar skúrir SV-til, en annars bjart veður. Áfram hlýtt í veðri. um allt land. **Horfur á sunnudag:** Hæg vestlæg átt og víða skúrir, þó síst SA-lands. Hiti áfram á bilinu 10-17 stig

leikina og hlýtt á fróðleik um Hnífsdal. Um kvöldið var haldin kvöldvaka áður en slegið var upp dansleik með Kraftlyftingu. „Kvöldvakan heppnaðist alveg svakalega vel. Nefndin vill koma þakklæti til allra þeirra

sem komu fram og gerðu þetta að eins góðri stund og þetta var,“ segir Gabriela og bætur við. „Okkur langar til að koma sérstöku þakklæti til HG sem styrkti okkur fjárhagslega og hjálpaði okkur til að láta þetta

verða að veruleika. Ef það verður hagnaður eftir búið er að gera upp hefur verið ákveðið að láta afganginn renna til Hnífsdælinga og verður þá íbúasamtökunum falið að finna út úr því hvað best verði að gera við

ágóðann.“

Gabriela telur að hátíðin sé komin til að vera. „Það var kosin ný nefnd sem mun taka ákvörðun hvenær næsta hátíð verði haldin.

– *thelma@bb.is*

Ritstjórnargrein

Húsbændur og hjú

Bæjarins besta lá ekkert á þeirri skoðun sinni að einróma samþykkt Alþingis varðandi stöðu við Háskóla Íslands, tengda nafni Jóns Sigurðssonar, að stöðuhafi skyldi hafa fasta búsetu á Ísafirði eða nágrenni, bæri að virða. Ekki vantaði endurteknar yfirlýsingar forsætisráðherra hvað þetta varðar, þótt menntamálaráðherra kæmi síðar meir af fjöllum! Við spurningu blaðsins: Ætla forsætisnefndin, forsætisráðherra, ríkisstjórn og þingheimur upp til hópa að setta sig við þennan yfirgang ráðamanna Háskólans? varð fát um svör. Segja má að liðsheildin sem til varð á Alþingi við samþykkt tillögunnar, hafi staðið hnípin á hliðarlínunni, þegar dómarrinn blés í blýstru sína: Í Reykjavík skal prófessorinn sitja! Fregnir um framgang málsins væru vel þegar!

En hvers vegna er BB að rifja upp mál þar sem samþykkt Alþingis var gerð að markleysu, í skjóli tveggja alda gamallar hefðar fyrir því að draga alla stjórnun og yfirráð í samfélaginu til höfuðborgarsvæðisins? Jú, vegna þess að um er að ræða söguna endalaus. Nýjasta dæmið, sem snýr að Vestfirðingum, varðar samning Bolungarvíkurkaupstaðar við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, um niðurfellingu tiltekinna skulda sveitarfélagsins við Íbúðalánasjóð, vegna félagslega íbúðakerfisins. Nú er komin upp sú staða að ný stjórn Íbúðalánasjóðs telur sig ekki bundna af samkomulaginu, sem eftirlitsnefndin, í umboði ríkisvaldsins, gerði við bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar. „Það

er alvarlegt þegar opinber aðili getur ekki staðið við þau fyrirheit, sem hann tók að sér að hafa milligöngu um með samkomulagi við lánardrottna, sökum þess að ríkisstofnun – í þessu tilviki Íbúðalánasjóður – telur sig ekki bundna af því samkomulagi sem gert var,“ segir í ársskýrslu nefndarinnar fyrir árið 2011.

Nú ganga klögumálin á vaxi. Eftirlitsnefndina og Íbúðalánasjóð greinir á um stöðu sveitarfélagsins, og þar með getu þess til að borga, sem og hvaða heimildir hvor aðilinn fyrir sig hafi haft til verka. Allt í plati! Hvað það varðar er þó eitt ljóst: Eftirlitsnefndin telur sig hafa komið að samingum við sveitarfélagið í umboði ríkisvaldsins, innanríkisráðuneytisins, og því beri að standa við samninginn við sveitarfélagið. Stjórn Íbúðalánasjóðs telur sig hins vegar sjálfs síns herra og geti því farið sínu fram. Ákvörðun stjórnvalda komi þeim ekkert við.

„Þingmenn segjast ekki fá rönd við reist gagnvart embættismönnum, sem segjast ekki taka ákvarðanir, sem pólitískur vilji sé ekki fyrir. Misvísandi upplýsingar þessara aðila ganga ekki upp. Kannski vita báðir betur; sagan ekki öll sögð!“ (BB, 28.06.06 af gefnu tilefni: *viðræðum þingmanna við bæjaryfirvöld á Ísafirði*) Honum miðar hægt, sniglinum!

Fer ekki að vera kominn tími til þess að hægri höndin viti hvað sú vinstri aðhefst; að ljóst sé hverjir eru húsbændur og hverjir hjú, á hófuðbólínu?

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólögötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is*. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is*. · Guðmundur Björn Þorbjörnsson, sími 692 8686, *gudmundur@bb.is*. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið m. vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



159
KR. 4 STK

STÓR X-LARGE HAMBORGABRAUÐ



1598
KR. 10 STK

BÓNUS 10 STK / 120 GR. 100% NAUTAHAMBORGARAR



NÝ UPPSKERA FRÁ FRAKKLANDI
KARTÖFLUR
259 KR.KG



159
KR. 5 STK.

BÓNUS PYLSUBRAUÐ



639
KR. 560 G

SS VÍNARPYLSUR 10 STK.



298
KR. STK

HEIMA EINNOTA ÚTIGRILL



Ávaxtasúpa - Sveppasúpa - Minestrone/ Itölsk súpa - Blómkál & brokkoli - Kjúklingasúpa - Eplásúpa með kanil -
Þrjár súpur í pakka 198 KR.

BÓNUS SAMLOKAN



198
KR. STK

MEÐ HANGIKJÓTI - RÆKJUSALATI - TÚNFISKSALATI

MYLLU SKÚFFUKAKA
MEÐ SÚKKULAÐIKREMI 380 GR.
359 KR.



MYLLU SKÚFFUKAKA 380 G
100 KR. VÆRDLÆKKUN VÆRÐ ÁÐUR 459 KR.



GÓU-PRENNAN
598 KR. 3 X 200 GR. KASSAR

HANDY SMOKKAR 18 STK.
HVER SKEMMITUN AÐEINS 16.5 KR.



298 KR.PK



98
KR. 500 ML



779
KR. 8 LTR.



69
KR. 250 ML



VÖFFLUR FYRIR
298 KR.

BÓNUS VÖFFLUMIX 475 G. ÞURREFNI



BÓNUS RABBABARA-SULTA 500 ML: 398 KR.
EUORSHOPPER PEYTIKREM 250 ML: 198 KR.

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda **VILDARPUNKTA**
VISA Vildarklúbbur

Þau Magný Jónsdóttir og Reynir Sigurðsson fluttust frá Ísafirði fyrir rúmum tuttugu árum síðan og hafa verið búsett í litlu fjallaþorpi á Spáni síðastliðin sex ár. Reynir er sjómaður og er á sjónum í tvo mánuði í senn, en Magný rekur lítið gistiheimili í gamla húsinu sem þau kolféllu fyrir í Competa fyrir fimm árum síðan. Þau voru stödd á Ísafirði í dálitlu sumarfrí í júní og tóku sér tíma til að segja blaðamanni Bæjarins besta undan og ofan af lífinu í fjallaþorpinu og ástríðu sinni fyrir gömlum húsum.

Kynntust á Hótel Ísafirði

Blaðamaður kemur til fundar við þau hjú á Þingeyri, þar sem systir Magnýjar, listakonan Guðbjörg Lind Jónsdóttir, er búsett. Til stendur að rekja úr þeim garnirnar yfir ilmandi kaffi í Simbahöllinni, sem kemur fljótlega í ljós að á einkar vel við, enda eru þau bæði haldin einhverju sem kalla mætti ólæknandi dellu fyrir gömlum húsum.

Langt er síðan Magný og Reynir sóttu Vestfirðina heim og þau eru bæði hæstánægð með dvöina – finnst eins og þau hafi varla farið, þó ansi langt sé um liðið síðan þau bjuggu á Ísafirði síðast. Magný er Ísafirðingur í húð og hár og uppalin á Vestfirðum, dóttir hjónanna Ingu Rutar Olsen og Jóns Hermannssonar, ljósmyndara. Reynir er hins vegar „alls staðar að“, eins og hann segir sjálfur. „Ég er fæddur í Keflavík, alinn upp í Skaftafellssýslu. Pabbi er Rangeyingur og mamma Húnvetningur og svo bjó ég síðar á Ísafirði, svo ég er góð blanda,“ segir hann og hlær við.

Magný og Reynir kynntust einmitt á Ísafirði. Reynir, sem er lærður smiður og húsgagnasmiður, vann þá við byggingu Hótel Ísafjarðar. Magný var hins vegar nýsnúin aftur heim frá Spáni, þar sem hún hafði búið í heil átta ár, og tók til starfa í móttökunni á hótelinu þegar það var tilbúið. Hvað er það við Spán sem hefur heillað hana svo í gegnum tíðina?

„Æ, ég veit það ekki almennilega. Áður en ég flutti þangað fyrst hafði ég verið þar eitthvað smávegis, svona að túristast. Svo fór ég í Háskólann í Barcelona í eitt ár, í útlendingadeildina, og lærði spænsku og bókmenntafræði. Ég varð svo bara eftir þar! Í nokkur misseri vann ég sem fararstjóri á sumrin fyrir ferðaskrifstofuna Sunnu. Svo hitti ég manninn minn og bjó til barnið mitt,“ segir hún og brosir. „Ég ílengdist þarna í nokkur ár. Ég kom svo aftur heim til Ísafjarðar þegar dóttir mín var á þriðja ári,“ segir Magný (frá.)

„Þá sá hún mig og svo var

ekki aftur snúið!“ segir Reynir og hlær við á meðan Magný ranghvolfir góðlátlega í sér augunum.

Skikkaður á sjóinn

Magný og Reynir tóku ekki bara sín fyrstu skref í sameiginlegum búskap á Ísafirði, heldur féllu þau þar í fyrsta skipti fyrir gömlu húsi – en þeir rómansar eru orðnir þrír talsins núna.

„Við keyptum Engi á Ísafirði. Það var þá ónýtt. Við byggðum utan um það og rifum svo allt gamla húsið burt,“ útskýrir Magný. Þegar þau ákváðu að flytjast suður, árið 1990, seldu þau húsið. „Þá áttum við eina milljón og fyrir hana keyptum við ódýrasta kofann sem við fundum í Hafnarfirði,“ segir Reynir og hlær við. Eftir að hafa búið á nokkrum stöðum í Hafnarfirði sáu þau auglýst til sölu hús til niðurrifs, í gamla bænum í Hafnarfirði, sem þau kolféllu fyrir.

Þar beið þeirra ekki síðra verkefni. Húsið var án bæði rafmagns og hita og hafði verið mannlauzt í tíu ár. Það stóð hins vegar við Vörðustíg, á besta stað í bænum. Magný og Reynir sáu möguleikana sem í húsinu litla fólust, en það er einungis 60 fermetrar, á tveimur hæðum.

„Húsið var alveg óbreytt frá árinu 1916 og við gerðum það algerlega upp, allt samkvæmt því sem Húsafriðunarnefnd sagði til um,“ segir Reynir. „Maður finnur varla svona hús í dag, nema þá helst á Árbæjar-safni,“ segir Reynir. Magný tekur undir: „Þetta var alveg stórkostlegt. Þess vegna vorum við líka í fullri æfingu þegar við fluttum út!“ bætir hún við.

En hvað fékk þau þá til þess að taka stökkið og flytjast til Spánar, eftir að hafa komið sér vel fyrir í litla húsinu í gamla bænum í Hafnarfirði? „Ja, ég er sjómaður og var á þessum tíma kominn út úr landinu, svo að segja. Fyrst var ég á Flæmska hattinum á rækjuveiðum og svo niðri í Afríku, í Máritaníu og Marokkó. Það skipti ekki lengur máli hvar við áttum heima, svo við notuðum tækifærið til að breyta til og fluttum til Las Palmas á Kanarí,“ útskýrir Reynir.

Reynir er enn á sjónum, en nú á rækjutogara sem gerir út frá Kanada. Hann fer í tveggja mánaða túra en fær svo tveggja mánaða frí á móti, fyrirkomulag sem hann segir enn sem komið er henta sér ágætlega. Áður en hann kynntist Magný hafði hann þó aldrei verið á sjó og segir sjálfur að hún hafi skikkað hann á sjóinn. „Þetta ætlaðist þannig að hennar fólk var með rækjuverksmiðju á Ísafirði. Svo keyptu þau rækjutogara. Ég var smiður á hótelinu og átti náttúrulega svolítið mikið af börn-

um. Svo byrjuðum við Magný að búa, þá vantaði meiri peninga og hún sendi mig bara á sjóinn!“ segir hann og brosir út í annað á meðan konan hans hlær.

Reynir hefur nú verið á sjó í ein 28 ár, en fyrsta sjóferðin gekk þó heldur brösuglega. „Ég hafði aldrei verið á sjó fyrir þetta. Fyrsta daginn stefndum við héra út á rækjutogara sem hét Hafþór. Við lentum strax í brælu og ég varð náttúrulega gulur og grænn um leið. Ég labbaði út á dekk, á bak við spilið, og ældi alveg eins og múkki. Þá hugsaði ég: Hvurn djöfulinn ertu búinn að koma þér í núna, drengur?“ segir Reynir frá og hlær við. „Eftir hálfan sólarhring var ég svo farinn að drekka kaffi og reykja sígarettur, svo þetta var nú ekki mjög alvarleg sjóveiki. Ég hefði aldrei trúað því að ég færi á sjóinn, en svona fór þetta,“ bætir hann við.

Las Palmas engin túristaborg

Magný og Reynir kunnu mjög vel við sig í Las Palmas. Þau segja borgina bjóða upp á allt annað umhverfi en það sem meðalsólarýrkandi á strönd á Kanarí fær að kynnast í sumarfríinu.

„Mannlífið þar er óskaplega skemmtilegt,“ segir Magný. „Það er svo mikið að gerast í borginni. Þar eru margir Afríkubúar og svo mikill kokteill af fólki. Þeir Íslendingar sem búa á Kanarí búa eiginlega allir í einhverjum svona túristabyggðum suðurfrá, þar sem vörður stendur við læst hlið og hleypir þér inn í hverfið. Við bjuggum alveg í miðbænum í Las Palmas og vorum þrjár mínútur að labba niður á strönd og tvær mínútur upp á Catalinu-torg. Þarna var maður alveg í hringiðu spænska mannlífsins,“ útskýrir hún og Reynir tekur undir. „Fólkið sem býr í þessum túristabyggðum gefst líka oft upp og flytur í burtu. Það heldur að þetta sé Spánn, en í raun kynnist það landinu aldrei almennilega,“ segir hann.

Að þeirra sögn fer margur ferðalangurinn á mis við bestu ströndina á Kanarí og þótt víðar væri leitað. „Í Las Palmas er flottasta strönd í Evrópu, í miðri borginni,“ segir Reynir. „Hana vita fáir um. Sjálf borgin er svo reyndar alveg forljót. Þar eru þeir búnir að eyðileggja öll gömlu húsin sín. Það er rosa-legur munur á Las Palmas og Málaga, til dæmis. Í Málaga er allt verndað og miklum fjármunum varið í að halda húsum við og gera upp. Þegar við vorum þar fyrst sáum við verslunarmiðstöð sem var í algjörru niðurníðslu. Næst þegar við komum var búið að rífa neðri hæðina í burtu og þakið af og hæðirnar



Fundu

þrjár stóðu bara á stultum. Nú er svo verið að endurbyggja allt húsið. Það á örugglega eftir að kosta offjár, en þetta vildu þeir gera. Fyrir vikið er líka ótrúlega gaman að labba um gamla bæinn í Málaga, öfugt við í Las Palmas þar sem allt hefur verið rífið,“ segir hann.

„Það er allt öðruvísi,“ bætir Magný við. „Okkur leið samt mjög vel í Las Palmas, en okkur líður líka alveg ofboðslega vel í Competa,“ segir hún.

Duttu niður á draumahúsið

Flutninginn í fjallaþorpið Competa bar eiginlega að fyrir tilviljun. „Ég var eitthvað að þvælast á netinu í mars, þennan vetur okkar í Las Palmas. Við vorum á leiðinni heim til Íslands í frí, man ég. Ég rak augun þá í hús sem var til sölu í Competa,

litlu fjallaþorpi í Andalúsíu og hóaði í Reyni. Mörgum árum áður hafði ég nefnilega verið ástfangin af þessu sama húsi, þegar það var á sölu! Í það skiptið datt ég líka bara niður á það á netinu, en nú var það sem sagt komið aftur á sölu og á viðráðanlegra verði,“ segir Magný frá.

„Við höfðum alltaf rætt þetta hús svona inn á milli,“ segir Reynir. „Við ákváðum þess vegna að fara til Competa á leiðinni í fríð, skoða húsið og reyna að koma því út úr hausnum í eitt skipti fyrir öll – afskrifa það alveg,“ segir hann.

Það fór þó ekki alveg svo að húsið yrði afskrifað. „Nei, við komum við og skoðuðum húsið, og skoðuðum svo nokkur önnur hús í Competa líka, svona í þykjustunni, því það var bara þetta eina hús sem kom til greina. Við gerðum lágt tilboð



draumahúsið á Spáni

sem varneitað, en svo fengum við símrhringingu og aftur hringingu og fórum loks millivegin og keyptum húsið,“ segir Magný frá.

Hið margumrædda draumahús er þrjú hundruð ára gamalt og stendur í brattri fjallshlíð. „Húsin þarna eru öll byggð í klettum, sem koma jafnvel inn í húsin. Efsta hæðin hjá okkur er í hæð við kjallarann hjá nágrannanum,“ útskýrir Reynir. „Já, þetta er ótrúlegur hæðarmunur! Við erum í brekkum allan daginn. Og húsið er líka svona, það hlykkjast einhvern veginn hingað og þangað,“ segir Magný við.

Reynir segir þau enda hafa verið töluverðan tíma að ná áttum í húsinu – bókstaflega. „Við vorum lengi að læra að rata um það. Maður var kannski staddur inni í einni íbúðinni og kom því bara engan veginn fyrir sig hvað

væri fyrir neðan mann. Þetta er allt byggt svona á hálfpöllum – það er ekki ein hæð fyrir neðan aðra,“ segir hann.

Var eins og leikmynd

Í húsinu eru fimm litlar íbúðir, auk stórs þaksvæðis, sem biðu nú eftir því að vera sinnt. „Ég var svo græn, og þetta leit svo vel út í byrjun, að ég hélt að við myndum halda áfram að búa í Las Palmas. Ég hugsaði með mér að við gætum hent þessu í einhverja miðlun sem myndi sjá um að leigja íbúðirnar út og svo þyrftum við ekki að hugsa um það meira. En húsið var ekki alveg í þannig standi að það væri hægt,“ segir Magný.

„Þetta var eiginlega eins og leikmynd,“ segir Reynir, „allt sem var innanstokks var í rauninni ónýtt. Það leit mjög vel út, en við sáum strax að við þyrftum

að rífa það út. Við hófumst strax handa, fórum að henda út og kaupa nýtt inn,“ segir Reynir. „Já, við sáum að við þyrftum bara að vera þarna og vinna. Við tókum þessu líka alveg eins og við værum ráðin í vinnu; byrjuðum snemma á morgnana, tókum frí yfir siestuna og byrjuðum svo aftur og unnum til átta á kvöldin,“ segir Magný. Grunnurinn var þó allur mjög góður og ekki þurfti að ráðast í miklar endurbætur á hráviðum hússins. Það var innvolsið sem krafðist athygli og ýmislegt sem þurfti að dytta að og snurfusa.

Bæði voru þau harðákveðin því að halda í gamlar hefðir og hafa húsið í réttum anda. „Við þræddum alla markaði í nágrenninu og keyptum allt gamalt sem hægt var að kaupa gamalt. Við bjuggum líka til alla skápa og eldhúsinnréttingar og,“ segir Magný. „Þær eru allar hlaðnar

og með handgerðum flísum, eins og gert var í gamla daga í Andalusíu,“ útskýrir Reynir.

Það gefur auga leið að þó að þau hjón hafi verið vel kunnug viðmiðum Húsafríðunarnefndar um hvernig geri skuli upp gömul hús á Íslandi var ekki þar með sagt að þau vissu allt um hvernig bæri að fara að í Andalusíu. Þau segjast enda hafa lagst í töluverða rannsóknarvinnu til að vera viss um að rétt væri staðið að öllu. „Ég man nú þegar við vorum að velja litinn á gluggakarmana og hurðarnar...“ rifjar Magný upp. „Við vorum alveg ákveðin í að hafa þetta blátt, en svo leituðum við að rétta bláa litnum með því að keyra um fjallaporpin og taka myndir. Við tókum einhver hundruð mynda bara til þess að ná rétta bláa litnum! En það tókst. Við erum mjög glöð með litinn í dag,“ segir hún og hlær

við.

Í alþjóðlegu umhverfi

Reynir og Magný búa sjálf í einni íbúðanna en leigja hinar út, nokkuð sem þau sáu strax fyrir sér að væri sniðugt. „Við hugsuðum þetta þannig að útleigan gæti hjálpað til við að borga kaupin og framkvæmdirnar, en aðallega hugsuðum við um að allir gætu komið og heimsótt okkur, það væri nægt pláss,“ segir Reynir. „Við eigum nefnilega svo mörg börn – sjö samtals,“ segir Magný og brosir.

Þau hafa þó ekki ráðist í markaðssetningu íbúðanna af fullum krafti og fá fáa Íslendinga í heimsókn enn sem komið er. „Við höfum ekki verið nógu dugleg að auglýsa,“ segir Mag-

ný. „Við vorum rúmt ár að koma þessu af stað eftir að við keyptum og akkúrat þegar allt var tilbúið hrundi allt á Íslandi! Íslendingar fóru ekkert að ferðast fyrir en tveimur árum síðar – það var bara í fyrri sem þeir fóru eitthvað að láta sjá sig,“ segir hún.

Mest hafa þau fengið Hollendinga í heimsókn. „Við erum í viðskiptum við miðlun sem er mikið með Hollendinga og Belga. Þeir koma mikið í gönguferðir. Við erum á alveg frábæru svæði fyrir göngur, rétt við þjóðgarð og í miklu fjallandi. Vetur, vor og haust er besti tími fyrir göngur. Þorpið sjálft er í 640 metra hæð, en það eru fjöll í kringum okkur sem eru yfir 2000 metrar. Og samt erum við bara 18 kílómetra frá ströndinni,“ útskýrir Magný.

Ferðalangar eru þó ekki þeir einu sem gefa Competa alþjóðlegan blá, því þar er myndarlegt samfélag útlendinga. „Með sveitunum í kring búa um 4000 manns í Competa og þar af held ég að séu um 900 útlendingar, af 35 þjóðernum!“ segir Magný. „Það er svo gaman að sjá öll börnin, því það er sko mikið af börnum í Competa, það er alls ekki deyjandi bær. Þegar maður labbar fram hjá skólanum sér maður börn af öllum gerðum og litum, þau eru alveg yndisleg,“ segir hún og brosir.

„Þorpið er alveg frábært,“ bætir Reynir við. „Það sem enn er við lýði þar, en er löngu farið hér (á svæðinu), er að í þorpinu búa margar kynslóðir úr sömu fjölskyldu: barnið, mamma og pabbi, amma og afi og langamma og langafi eru öll á sama blettinum og halda mikið saman,“ segir hann.

Glögg er gests augað

Blaðamanni leikur forvitni á að vita hvort að Magný og Reynir upplifi mikinn mun á spænsku samfélagi og því íslenska eftir sex ár á erlendri grundu. Þau eru bæði á því að munur sé á og þá helst hvað varðar nægjusemi. „Fólk úti lifir ekki jafn „flott“ og hér á Íslandi,“ segir Reynir og brosir. „Það á ekki jafn flott hús eða flotta bíla. En það lifir samt greinilega fínu lífi. Það er miklu meiri nægjusemi, eins og við sjáum í þorpinu okkar. Fólk býr í sama húsinu endalaust og það er þröngt um það,“ bætir hann við og Magný samsinnir. „Fólk úti brúðlar ekki, en maður heyrir samt ekki kvartað. Og þó er óskaplegt atvinnuleysi á Spáni og sérstaklega í Andalúsíu,“ segir Magný. „Ég held að atvinnuleysi hjá ungu fólki sem er að ljúka háskólanámi sé núna um 50% á Spáni. Það er náttúru-

lega skelfilegt,“ bætir Reynir við.

Á ferðum sínum fram og til baka frá Kanada, um Ísland, segist Reynir finna sérstaklega fyrir muninum á íslensku samfélagi og því spænska. „Manni finnst allt svo flott hérna! Húsin eru svo heit og flott og svo ekur þessi rosalegi bílafloti framhjá. Um daginn var ég að labba inn í búð í miðjum Hafnarfirði og fyrir utan hana voru fjórir Land Cruisera í röð á einhverjum tuttugu metra kafla! Í Competa keyrir fólk um á þrjátíu ára gömlum skrojðum eða á engan bíl, tekur bara rútna ef það þarf að fara eitthvað. Það er þessi nægjusemi. Við Íslendingar vorum orðin vön svo rosalega góðu,“ segir Reynir.

Hvað samfélagsástand varðar segja þau komuna til Vestfjarða hafa komið þeim skemmtilega á óvart. „Maður var búinn að heyra að landsbyggðin væri bara alveg að hrökkva upp af, sem er nú kannski ýmislegt til í. Við heyrðum til dæmis að það hefði fækkað um 100 börn í skólanum á Ísafirði á þremur árum. En samt sem áður er verið að gera svo mikið hérna og laga svo mikið til. Þetta lítur núna miklu betur út en það gerði þegar við vorum hérna,“ segir Reynir og Magný tekur undir. „Já, miklu betur! Það er svo mikil gróska og allt svo fallet!“

„Við hittum mann á Ísafirði í gær sem sagði að þetta væri bara helvítið kjaftæði; það væri betra ástand á Ísafirði núna en 1985. En auðvitað hefur það rosalega mikið að segja að kvótinn sé farinn frá byggðunum, hann sem átti að standa undir þeim. Þetta er auðvitað rosalegur öfugsnúningur. Að sjálf-sögðu ætti fiskurinn að vera fyrir íbúana hér, eins og hann var, og svo ætti túrisminn að vera viðbót. Ekki öfugt; að fiskurinn sé farinn og að það eina sem heldur lífi í fólki sé kaffihús,“ segir Reynir.

Þau segja hljóðið í fólki hér sömuleiðis betra en þau áttu von á. „Mér finnst enginn kvarta mikið hérna. Þetta er bara fínt,“ segir Magný. „Við höfum hitt fólk á Ísafirði og hér á Þingeyri og það er gott hljóð í þeim öllum. Fólk segir alveg að ástandið mætti vera betra, en það er ekki svona mikið væl og maður getur heyrt fyrir sunnan,“ segir Reynir sem furðar sig á bölmóðnum.

„Það varð hérna hrún, það hrundi heilt þjóðfélag og það tekur tíma að byggja það upp. Talað var um áratug í þá vinnu og hún virðist ganga vel og miklu hraðar en búist var við, en samt er endalaust verið að tala allt niður. Það er allt á uppleið, þetta er að koma og það fyrir en fólk hélt, en nú ráðast svo allir á þá sem eru þó að

reyna að bakka okkur upp úr drullupollinum,“ segir hann.

Fá hjálp frá þorpsbúum

Þegar því viðamikla verkefni að gera upp gamalt hús samkvæmt öllum kúnstarinnar reglum er lokið er ekki óalgenget að fólk blási mæðinni og strengi þess heit að ráðast aldrei í slíkt verkefni aftur. Það á þó svo sannarlega ekki við um Reyni og Magný sem eiga nú þrjú slík hús að baki.

„Við höldum bara áfram,“ segir Magný og brosir við. „Það er alltaf svo gaman þegar þetta er búð. Ég hef líka verið að fylgjast með framkvæmdunum hjá systur minni, Guðbjörgu Lind, en þau hjónin eru að gera upp sögufrægt hús á Þingeyri, Vertshús eða Hótel Niagara eins og það hét í eina tíð. Það er alveg stórkostlegt að sjá þá vinnu. Það er svo skemmtilegt að sjá öll þessi gömlu hús sem eru gerð upp. Það eru svo mikil verðmæti fólgin í þeim, þau hafa svo mikið gildi,“ segir hún. „Já, maður fer ekki beint í göngutúr til að skoða steinsteyptu húsin,“ bætir Reynir við. „Ég held líka að það sé ákveðin vakning í þessu, að fólk sé að fá meiri áhuga á því að varðveita þessi gömlu hús,“ segir hann.

Þá segja þau áhugann bara eflast eftir því sem meira er gert. „Þegar við gerðum upp gamla húsið í Hafnarfirðinum þurftum við að leita að ýmsum heimildum og vera í samstarfi við Húsafriðunarnefnd um hvað mætti gera. Maður lærir svo margt í því ferli, sem er svo gaman,“ segir Magný. „Og það var eins með húsið á Spáni, við höfum lært svo margt af því líka, til dæmis af gamla fólkinu í kringum okkur. Hann Paco, karl sem er með pínulitla búð í götunni okkar, hjálpaði okkur til dæmis mikið. Hann selur allt mögulegt og ef hann á það ekki, þá reddar hann því. Svo á hann líka fullt af eldgömlu dóti og gaf okkur kassa sem var fullur af gömlum lykllum og ýmislegu smálegu. Við erum líka með einn vegg í anddyrinu hjá okkur þar sem við söfnum gömlum verkfærum. Þau eru flest smíðuð í Competa. Paco hefur gefið okkur slatta; gamla hamra, sigð og fleiri svona sveitaverkfæri. Þetta er allt eldgamalt,“ segir hún frá.

Vegna vinnunnar við húsið eru þau orðin sérfróð um ýmislegt sem fæstir hafa mikla þekkingu á, eins og gamlar lamir. „Ef við sjáum núna gamla hurð sem verið er að henda grípum við hana strax. Við erum farin að þekkja lamir sem eru meira en hundrað ára. Ég er farin að bjarga svona hlutum og geymslan okkar er full af gömlum



Magný í fjallabænum Competa á Spáni.

gluggum, hlerum og timbri. Jú, og svo eigum við líka fullt af lömpum og römmum og myndum....“ telur Magný upp. Hvað sér hún fyrir sér að gera við fenging? „Það veit ég ekki! En við erum þó búin að bjarga þessu,“ segir hún og brosir.

Fá sítrónur í poka

Þorpsbúar í Competa sýna velvilja sinn líka á annan máta en að hjálpa til við húsið, því á stundum bíður þeirra Magnýjar og Reynis sending í poka í hurðarhúsinum.

„Flestallir í þorpinu eiga lítinn landskika og kofa úti í sveit, rétt fyrir utan þorpið. Allir rækta eitthvað. Það er mikil vínrækt þarna og vínviður alls staðar. Fólk gerir helst svona sætt þurtvín. Svo eru líka ólífur og avokadó alls staðar og allir eiga fullt af ávöxtum. Við fáum oft smávegis sendingu. Það er þá hengdur á hurðina hjá mér poki með sítrónum og einhverju. Nágrannarnir eru alveg yndislegir,“ segir Magný og bætir við: „Þetta er kannski ástæðan fyrir því að fólk kvartar ekki – það á alltaf eitthvað til að borða.“

Magný og Reynir eru auðheyrilega komin inn í þorps-samfélagið. „Já, hún býr náttúrulega að því að vera altalandi á bæði spænsku og ensku – hún fór nú bara beint inn í samfélagið! Ég læt hana svo bara tala fyrir mig,“ segir Reynir og hlær við. Hann viðurkennir þó að skilja töluvert í málinu þó hann tali það ekki reiprennandi. „Hann er farinn að tala við Paco

og fer einn í búðina til hans,“ segir Magný og Reynir kinkar kolli. „Hann er svo skemmtilegur kall! Annars get ég lesið, en voða lítið talað,“ segir hann.

Eftir þessar lýsingar á lífinu í fjallaþorpinu liggur beint við að spyrja hvort þau séu ekki alveg komin til að vera í Competa. „Veistu, ég held ekki,“ segir Magný. „Ég hugsa að við endum hérna fyrir vestan aftur. Mér sýnist það á öllu – hann var alveg tilbúinn að flytja til Ísafjarðar bara í gær!“ segir hún og brosir. „Nei, ég veit það ekki. Okkur líður vel í Competa núna og svo sjáum við bara til,“ bætir hún við.

„Ég get sagt þér sögu sem ég heyrði fyrir margt löngu og lýsir því ágætlega hvernig mér líður,“ segir Reynir. „Sagan er svona: Það var einhver á Þingeyri, getum við sagt, sem fór suður. Hann gerði það rosalega gott í bænum og var þar í þrjú áratugi. Hann ákvað svo að snúa aftur heim í þorpið og tók rútna heim – þetta var á þeim tíma sem fólk gat ennþá tekið rútur – með ferðatöskuna sína og hattinn sinn. Hann stígur niður úr rútnunni og gengur inn í þorpið og ákveður að koma fyrst við í smiðjunni. Þá lítur Gunní gamli upp og segir: Ert þú að fara eitthvað Siggi minn?“ segir Reynir, við góðar undirtektir. „Svona leið mér á Ísafirði í gær, eins og ég hefði aldrei farið!“

Það fá að vera viðeigandi lokaorð í þetta skiptið. Þeir sem vilja kynna sér draumhúsið í Competa betur geta kíkt á heimasíðu Magnýjar og Reynis, competalatienda.com.

– Sunna Dís Másdóttir.

-7 kr.

af lítranum föstudag,
laugardag og sunnudag

OG

fjórfaldir
Vildarpunktar Icelandair
með ÓB-lyklinum hjá ÓB og Olís

GILDIR
EINNIG
HJÁ OLÍS



Dagana 6., 7. og 8. júlí er 7 króna afsláttur af eldsneytislítranum til ÓB- og Olís-lykilhafa – og fjórfaldir Vildarpunktar Icelandair þar ofan á. Afslátturinn er bæði á ÓB- og Olís-stöðvum og gildir einnig fyrir Staðgreiðslukort Olís.

Sæktu um lykil núna á ob.is eða á næstu Olís-stöð.



Til að safna Vildarpunktum Icelandair með ÓB-lyklinum þarf að hafa hann tengdan Visa Icelandair, American Express vildarkorti eða Einstaklingskorti Olís. Einnig er hægt að safna punktum með Sagakorti. Nánari upplýsingar um vildarkerfi ÓB eru á ob.is/Vildarkerfi.



Ágúst Atlason ljósmyndari ásamt Karli Kristjáni Ásgeirssyni og Guðlaugu Jónsdóttur. Með á myndinni er Saga Líf, dóttir Ágústar.

Veisluföng úr náttúru Vestfjarða

Ríflega hundrað manns fögnuðu útgáfu bókarinnar *Boðið vestur* – veisluföng úr náttúru Vestfjarða í Bryggjusalnum í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á föstudag. „Þetta var virkilega fín stund og við erum rosa ánægð með þær góðu viðtökur sem við höfum fengið,“ segir Karl Kristján Ásgeirsson sem er höfundur bókarinnar ásamt eiginkonu sinni Guðlaugu Jónsdóttur. „Útgáfuteitið var haldið til heiðurs föður mínum sem var skipstjóri á Svaninum sem fórst þann 22. desember árið 1966. Komið var inn á það í útgáfuteitinu og voru fyrstu eintök bókarinnar afhent móður minni og ömmu og afa. Það var tákn-

ræn stund,“ bætir Karl við. Í bókinni gera höfundar sér mat úr gömlum hefðum og síðum samhliða því að kynna lesendum spennandi nýjungar úr eldhúsi samtímans. Ríkuleg náttúra, menning og saga Vestfjarða skipa stóran sess í þessu verki sem er prýdd glæsilegum ljósmyndum Ágústar Atlasonar. Auk ættingja og vina þeirra hjóna var öllum þeim sem aðstoðuðu við gerð bókarinnar boðið í útgáfuteitið. Þar var gestum boðið að bragða á kræsingum í bókinni sem reiddar voru fram í smáréttaformi. „Allir létu mjög vel af matnum,“ segir Karl.

Þá var boðið upp á tónlistarflutning úr hendi hinna þaulreyndu tónlistarmanna Vilberg Vilbergssonar og Magnúsar Reynis Guðmundssonar. „Það kom auðvitað ekkert annað til greina en að fá þessa vestfirsku víkinga til að sjá um tónlistina,“

segir Karl. Boðið vestur er í grunninn matreiðslubók með meiru. Bókinni er skipt upp í kafla eftir mánuðum ársins og hverjum mánuði fylgja fjölbreyttar uppskriftir að ýmiss konar réttum að vestan, settar saman úr því náttúrulega hráefni sem í boði er og hefð er fyrir á hverjum árstíma. Boðið vestur er gefin út samtímis á þremur tungumálum. Auk íslensku kemur bókina á ensku í þýðingu Katelín Parsons og á þýsku í þýðingu Angelu Schamberger. Er hún nú komin til sölu í öllum helstu bókaverslunum landsins. „Heima fyrir vestan er hún að mér vitandi fánleg í Eymundsson, Vestfirsku versluninni, Melrakkasetrinu og upplýsingamiðstöðinni. Við erum auðvitað ánægð með að hún skuli vera til sölu sem víðast og vonandi styður sala hennar við ferðaþjónustuna hér heima.“



Boðið var upp á kræsingar sem eru að finna í bókinni.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi

Sigurður Jónsson

fyrirverandi prentsmiðjustjóri, Hlíflí II Ísafirði,

sem lést á Heilbrigðisstofnuninni Ísafjarðarbæ 23. júní, verður jarðsönginn frá Ísafjarðarkirkju föstudaginn 6. júlí kl. 14:00. Þeir sem vildu minnst hans er bent á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði.

Árni Sigurðsson Guðrún Halldórsdóttir
Jón Ólafur Sigurðsson Jóhanna Oddsdóttir
Málfriður Þ. Sigurðardóttir
Þórhildur S. Sigurðardóttir Guðmundur Hafsteinsson
afabörn, langafa- og langalangafabörn.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur ómetanlegan kærleik, stuðning og samúð við andlát og úttör ástkærs eiginmanns míns, bróður og mágs,

Sverris Guðmundar Hestnes

sem lést þann 15. júní 2012

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði fyrir einstakan hlýhug og umönnun

Guðmundína Þorláksdóttir Hestnes
og aðstandendur

smáar

Til sölu er 125 cc Vespa árg. 2005 (bensín), ekin 1800 km. Uppl. í síma 898 7348.

Forsetinn sigraði

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málafnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Athyglisvert hefur verið að fylgjast með aðdraganda forsetakjörs. Greinilega var lagt upp með að ung kona, vel innan við fertugt, ætti að vera kosturinn sem þjóðin vildi. Í byrjun hafði hún meira fylgi í skoðanakönnun en forsetinn. Ferskir vindar blésu um skeið. Þóra telst glæsileg kona og hreif strax ákveðinn hóp manna, einkum kvenna. Tengsl hennar við Samfylkinguna og fyrri skrif um nauðsyn þess að til hennar yrði stofnað og sameinaðir allir vinstri menn og að Íslandi skyldi stefnt í Evrópusambandið urðu henni fjötur um fót. Í kosningabaráttunni var hún órjúfalega tengd Samfylkingunni og hreinni vinstri ríkisstjórn, afar óvinsælli. Hátt var stefnt og mikið gert úr því hve Ólafur Ragnar væri, ja hvað á að segja, mikill Ólafur Ragnar! Af hálfu stuðningsmanna Þóru var honum fundið flest til foráttu. Vissulega er það rétt að hann er og hefur verið umdeildur og enginn hefur reynt að draga fjöður yfir þá staðreynd. En hann sigraði með 52,78% greiddra atkvæða.

Staðreynd er að meira en helmingur þeirra sem greiddu atkvæði létu sitt falla á hann. Því verður ekki mótmælt og af þessu tilefni er rétt að minna á að í „alvöru“ kosningabaráttu hefur það aðeins einu sinni gerst áður, 1968, þegar Kristján Eldjárn sigraði Gunnar

Thoroddsen með 2/3 á móti 1/3. Samt heldur einn þingmann Vestfirðinga því fram að þetta sé ekki sigur. Oft hafa menn reynt í stjórnmálabaráttu að snúa sannleikanum á hvolf, en sjaldan svona. Það er hægt að vera með ýmsar reiknikúnstir. Eftir stendur að rúmur helmingur nærri 70 prósent kjósenda, sem kusu, völdu Ólaf Ragnar. Menn, líka stjórnmálamenn, geta reynt að reikna sig til sér þóknarlegrar niðurstöðu. Það breytir ekki staðreyndum. Gott ef ekki var reiknað hér 2004 til að sýna fram á að hlutfall kjósenda á kjörskrá, sem þá völdu Ólaf Ragnar hafi verið lægra hlutfall en þeir sem kusu. Það er einmitt mergurinn málsins. Þeir sem kjósa, ráða úrslitum. Velji menn að sitja heima er það þeirra mál og niðurstöðuna verða þeir að setta sig við.

Ólafi Ragnar er óskað til hamingju með sigurinn og þjóðinni einnig. Vonir margra stóðu til annarrar útkomu. Velta má því fyrir sér hvers vegna kjörsókn var slök. Það er hásumar og fólk tekur sumarleyfið fram yfir lýðræðið, sumt að minnsta kosti.

Breyta ætti kjördegi og kjósa utan sumartíma og jafnvel að taka upp þá nýbreytni að kjósa á virkum degi í stað frídags.

Lúxus · Rómantík · Úrvals veitingastaður · Mannfagnaðir

GREAT HOTELS
OF THE WORLD
PREMIUM COLLECTION

HOTEL RANGÁ

Luxury Resort & Dining

★★★★

Átt þú stórafmæli á árinu 2012?


... 20 - 30 - 40 - 50 - 60 - 70 - 80 - 90 - 100 ára ...



**Hótel Rangá býður öllum sem eiga stórafmæli
á árinu einstakt afmælistilboð.**

Gisting fyrir tvo á aðeins 2012 krónur
á sjálfan afmælisdaginn ef haldið er upp á afmælið
með kvöldverði á veitingastað hótelsins.

Nánari upplýsingar á hotelranga.is/IS/afmaeli



Hótel Rangá | 851 Hella | Sími 487 5700 | Fax 487 5701 | hotelranga@hotelranga.is | www.hotelranga.is

Verkin eins og hluti af sálinni

Ísfirski myndlistamaðurinn Gunnar Jónsson er nýútskrifaður frá Listaháskóla Íslands eftir þriggja ára BA-nám. Að sögn hans eru spennandi tímar framundan þar sem hann fetar sig áfram á listabrautinni. Samt hefur hann nú þegar sýnt verk sín víða og án efa á hann framtíðina fyrir sér í myndlistinni.

Hann hefur sýnt á mörgum sýningum þrátt fyrir að vera enn í námi og þó nokkrum sýningum á heimaslóðum á Vestfjörðum. „Ég haft mjög gaman af því að sýna hér fyrir vestan og fengið marga vini mína til að sýna með mér.“

Verk Gunnars eru m.a. á sýningu sem opnuð var í lok maí í gallerýinu Spark Design Space á verkum sænsku hönnuðanna og húsgagnasmiðanna Olle & Stephan, sem stendur til 4. ágúst. Einnig voru myndbönd Gunnars til sýnis á Listahátíð í Reykjavíkur sem er nýlokið.

Íslenski listamaðurinn lítill og vinalegur

– Er erfitt að fóta sig sem myndlistarmaður á Íslandi í dag?

„Nei, ekki get ég sagt það, maður þarf bara að framkvæma hlutina og þekkja sín takmörk. Þetta er eins og hvert annað skapandi starf. Ég held að kannski sé ótti við listheiminn oft á tíðum erfiður fyrir unga listamenn, en sá heimur er bara svo lítill á Íslandi að það er engin þörf á því. Þetta er ekkert eins og í New York eða Berlín þar sem þúsundir eða jafnvel milljónir listamanna berjast um að

sýna í sömu galleríunum. Hér er mikið meira um að menn séu vinir og þyki vænt um hver annan og beri virðingu fyrir hver öðrum. Það er meira að segja mjög mikið um samstarfsverkefni listamanna – sem mér þykir mjög gaman, því maður lærir svo mikið af því að vinna með öðrum.“

– Er ekki persónulegt og erfitt að láta frá sér verk til sýnis fyrir aðra?

„Jú algjörlega, þetta er svolítið eins og hluti af sálinni, svo þetta er gífurleg opinberun. Það voru til að mynda smáátök að fylgjast með viðbrögðum fólks á útskriftarsýningunni minni og maður var hræddur við að sjá grettur eða að einhver myndi hrista hausinn, en þetta gekk voða vel og ég sá ekkert slíkt. Ég fékk ekkert nema jákvæð viðbrögð,“ segir Gunnar brosandí. „Þetta er mjög stressandi en það vonandi venst.“

Vestfirðir aðdráttarafl fyrir listamenn

Gunnar segir að það sé mjög spennandi og eftirsótt fyrir listamenn að koma til Vestfjarða.

„Ég veit að það er mikill áhugi fyrir því að dvelja á Vestfjörðum, og almennt á landsbyggðinni. Það er í bígerð að koma upp nokkrum gestaíbúðum

enda mikið sóst eftir því að komast í slíkt, bæði af íslensku og erlendu listafólki. Fyrir mann eins og mig sem elst upp á svæðinu væri spennandi að dvelja um tíma í miðborg Parísar, en fyrir listamann sem elst upp þar er líklega mjög spennandi að koma hingað. Eins eru margir sem eru duglegir að vekja áhuga fólks á því að koma hingað.

Mér finnst reyndar sjálfum mjög spennandi að vera hér, því að hér þarf maður að hafa svolítið fyrir því að skapa sér tækifæri, sem er góð áskorun. Ég held að það sé mjög jákvætt og þroskandi fyrir listamann að taka fyrstu skrefin sín hér.“

Glimrandi góðmenning á Ísafirði

Að mati Gunnars er mikilvægt fyrir Vestfirðinga að kunna að meta hve öflug menningin er hér fyrir vestan.

„Ísafjörður og Seyðisfjörður eru oft nefndir sem menningarbær landsbyggðarinnar. Kannski að fólk átti sig ekki á því hvað það er menningarsækið og eins átta margir sig ekki á því fyrr en þeir koma vestur hversu glimrandi góð menning er hér. Til dæmis má nefna að hér eru margir sýningarstaðir, tveir tónlistarskólar, báðir með tónleikasölum, ótrúlega flottur bíósalur, menningarmiðstöðin í Edinborgarhúsinu, og svo núna nýlega Listakaupstaður.

Þetta er allt mjög glæsilegt.

Ég var staddur á málþingi um daginn að hlýða á heimspeking sem sagði að ef hann ætti að veðja á eitthvað sem myndi rífa upp landsbyggðina, þá væri það menningarfólkið. Ég held að það sé alveg rétt. Menning er grunnþörf hjá okkur og opið hugtak. Við þurfum menningu til þess að laða fleiri ferðamenn til okkar, fyrir arfleifð okkar og svo margt fleira. Mér finnst að við ættum að yta meira undir það sem er jákvætt en ekki bara rífast yfir arfaslökum byggðastefnum seinustu ríkisstjórna.“

Íslensk myndlist á erlendri grund?

– eru íslenskir myndlistarmenn í einhverjum mæli að reyna fyrir sér á erlendri grund?

„Já, mjög mikið, og margir hverjir topplistamenn á heimsmælikvarða. Þannig er Ragnar Kjartansson að gera mjög góða hluti í útlöndum. Til dæmis fékk hann verðlaun á myndlistarhátíð í New York fyrir gjörninginn Bliss. Fyrrverandi prófessorinn minn, Katrín Sigurðardóttir, sýndi í Metropolitan-safninu fyrir nokkru og hlaut mjög góðar viðtökur. Hún mun líka sýna fyrir hönd Íslands á Feneyjavíðringnum sem verður næst 2013. Það er því ýmislegt að gerast.

Svo eru auðvitað kanónur eins og Sigurður Guðmundsson, Hreinn Friðfinnsson og Kristján Guðmundsson, sem hafa verið lengið að og orðin þekkt nöfn í þessum bransa um víða veröld.“

Fetar í spor föður síns

Gunnar segir það alltaf hafa legið fyrir að hann yrði myndlistarmaður. Hann á raunar ekki langt að sækja slíkt þar sem faðir hans er myndlistarmaðurinn Jón Sigurpálsson.

„Ég held að myndlistarmenn og kennarar séu það fólk sem oftast fetar í fótspor foreldra sinna. Það er nú bara þannig að ef maður elst upp í umhverfi sem manni finnst skemmtilegt, þá er auðvelt að leiðast út á þá braut, og ég held nú að flestum börnum þyki skemmtilegt að teikna.“

– Reyndir þú einhvern tímann fyrir þér í öðrum listgreinum?

„Bara eins og margir unglingar var ég um tíma í hljómsveit en hef ekkert verið í því síðan. Einu sinni hélt ég að ég yrði heimsfrægur tónlistarmaður en ég held að sá draumur sé alveg á bak og brott núna,“ segir Gunnar hlæjandi. „Enda lá það ekki alveg eins auðveldlega fyrir mér og myndlistin.“

Móðir hans, Margrét Gunnarsdóttir, er skólastjóri Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar og því lá beint við að hann færi í tónlistarnám sem barn.

„Mig hefur alltaf langað til að verða betri á píanó eða bassa og kannski ég fari bara að æfa mig í því núna. Mamma var píanókenningarinn minn, sem var mjög fínt, nema fyrir það að hún vissi alltaf þegar ég var latur og æfði mig ekki heima,“ segir Gunnar glottandi. „Svo það nám endaði þannig að mér var boðið að hætta.“



Breytingartillaga Einarars felld

„Því miður fór það svo að meirihlutinn á Alþingi felldi þessa tillögu og kom þannig í veg fyrir að hún yrði að lögum, sem hefði gert það að verkum að húshitunarkostnaður landinu hefði lækkað umtalsvert,“ segir Einar Kristinn Guðfinnsson þingmaður Sjálfstæðisflokksins í NV-kjördæmi. Einar var fyrsti flutningsmaður frumvarps til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, en fulltrúar allra flokka á þingi nema Hreyfingarinnar komu að breytingartillögunni. Tillagan var felld, en í henni var lagt til að virðisaukaskattur af svokölluðum varmadælum yrði afnuminn, sem hefði lækkað kostnað þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem kysu að hita hús sín með þeim hætti.

Varmadælur eru hugsaðar til að draga úr húshitunarkostnaði, en víða á Vestfjörðum og öðrum stöðum á landsbyggð-

inni er húshitunarkostnaður mjög hár. Stofnkostnaður við uppsetningu varmadælna er hinsvegar mikill, og því taldi Einar rétt að berjast fyrir því að virðisaukaskattur yrði endurgreiddur af vörinni. „Ég lagði fram frumvarp um þetta í fyrra en þá var það fellt. Við vildum því reyna að koma breytingartillögu inn afgreiðslu laga um virðisaukaskatt til ná þessu í gegn, en það gekk ekki. Leitað

var eftir umsögn um frumvarp mitt í fyrra frá fagaðilum og voru þær allar mjög jákvæðar. Ég hafði gert mér væntingar um að þetta yrði afgreitt út úr þinginu en það var ekki gert,“ segir Einar, sem telur að ástæðan fyrir því sé sú að hann hafi verið flutningsmaður frumvarpsins.

„Þetta er hörmuleg niðurstaða og lýsir ekki raunverulegum eða einlægum vilja þingmeirihlutans til að stuðla að

lækkun húshitunarkostnaðar í landinu. Ástæðan er að öllum líkindum sú að ég var fyrsti flutningsmaður og ég er ekki í stjórnarliðinu. Sumir þingmenn létu það fara í taugarnar á sér að ég breytti frumvarpinu yfir í breytingartillögu,“ segir Einar, sem telur skrytið að tillagan hafi verið felld í ljósi þess að fulltrúar allra flokka nema hreyfingarinnar hafi verið flutningsmenn tillögunnar. „Loksins þegar til-

lagan var komin í efnislegan búning var hún felld. Þetta segir mér að raunverulegur áhugi fyrir lækkun húshitunarkostnaðar í landinu er ekki til staðar hjá ríkisstjórninni. Það er augljóst mál að húshitunarkostnaður er mikill á Vestfjörðum, sem og á nokkrum öðrum stöðum á landinu, en með tilkomu varmadælna er hægt að stuðla að lækkun þessa kostnaðar,“ segir Einar.

Spennandi tímar framundan

En hvað tekur nú við hjá Gunnari nú þegar hann er útskrifaður myndlistarmaður?

„Ég veit það ekki alveg. Ég vil vera hér fyrir vestan þar sem mér finnst frábært að vera hérna og ekki síst þar sem ég er með konu og börn. Maður upplifir það svo vel þegar maður er með börn hversu frjálssara og afslappaðra það er að vera fyrir vestan.

En nú er bara að bíða aðeins og sjá hvað verður, en það er spurning hvort tækifærin muni bjóða upp á það að vera fyrir vestan. Sem ég tel líklegra en ekki, svo ég hlakka bara mikið til framtíðarinnar,“ segir myndlistarmaðurinn ungi með bros á vör.

– *thelma@bb.is*



Það getur oft á tíðum verið erfitt að vakna á morgnana og hefja vinnudaginn.

Morgunsvefn í Vinnuskólanum

Ungmennir á vegum Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar hafa undanfarnar vikur verið áberandi í bænum þar sem þau annast ýmis störf. Flest störfin miðast að fegrun umhverfissins og eru þau ófá blómabeðin sem hafa verið tæmd af arfa og grasivaxin tún sem hafa verið slegin af hendi unglínganna. Flestir unglíngar stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaðnum í Vinnuskólanum og hljóta þar undirbúning fyrir starfsævina. Eitt af því sem ekki er verra að læra þegar maður er ungur er að oft getur verið erfitt að vakna á morgnana þegar sumarkvöldin eru björt og löng. Ljósmyndari vefsins rakst á nokkra Vinnuskólakrakka á föstudag sem notuðu stund milli verka til að fá sér vel þegna krúu undir berum himni.

Sælkeri vikunnar er Heiðar Ingi Marinósson frá Ísafirði

Mexíkó kjúklingasúpa

„Hérna kemur uppskrift sem er í miklu uppáhaldi á mínu heimili.“

Mexíkó kjúklingasúpa fyrir 4 svanga

3-5 laukar, saxaðir
2-3 hvítlausrif, pressuð
1 chilípipar, saxaður
1 flaska Granini tómat safi
5 dl kjúklingasöð
5 dl kjötsoð
1 tsk cumin eða koriander
(Set reyndar 1 msk fyrir meira bragð)

2 tsk Worcester sósa

1 tsk chilípipar

1 tsk cayenne pipar eða venjulegur pipar

2 dósir maukaðir tómatar

1 kjúlli brytjaður niður eða 4-

6 léttsteiktur kjúllabringur

Meðlæti:

Rifinn ostur, sýrður rjómi, Nachos flögur og guacamole sett út í súpuna

Guacamole: 1 avocado mixað í mixer með 1 tomat og einu rífi af

hvítlauk.

Eldun:

Steikið laukinn ásamt hvítlauki. Setið restina í pottinn fyrir utan kjúllann. Súpan er látin sjóða í 2-3 klst. Kjúllinn settur út í síðasta klukkutímann.

Rifinn ostur, sýrður rjómi, Nachos flögur og guacamole sett út í hverja skál.

Ég vil svo skora á Hauk Árna Hermannsson á Ísafirði að verða næsti sælkeri BB.





Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnið í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Starfsfólk Íslandsbanka býr yfir áratugareynslu í þjónustu við sjávarútveginn og hjá bankanum starfar stór hópur fólks með sérþekkingu á greininni. Þannig getum við ávallt tryggt fyrirtækjum í þessari undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar þá bankaþjónustu sem hún þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Hallgrímur Magnús Sigurjónsson hefur yfir 30 ára reynslu af sjávarútvegi og fjármögnun sjávarútvegs.

Magnús er útibússtjóri hjá Íslandsbanka.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki